

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd**
Reykholahrepps þriðjudaginn 13. maí 2008 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Herdís E. Matthíasdóttir, Sveinn Ragnarsson og
Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Dagskrá:

Til afgeiðslu:

1. Tilboð í dýpkun Reykhólafnar. Niðurstaða útboðsins og verksamningur við Björgun ehf. Tilboð Björgunar ehf kr. 16.300.308. Ákveðið að taka tilboðinu.
2. Umsókn dags. 29. apríl 2008 frá Karli Hallbjörnssyni um byggingarleyfi fyrir nýjum sumarbústað að Vattarnesi. Einnig umsókn um leyfi til að rífa gamlan bústað og fjarlægja. Samþykkt að leyfa niðurrif og að fjarlægja eldri bústað og byggingu nýs bústaðar eins og meðfylgjandi teikningar og afstöðumynd sýna. Skila skal inn skráningartöflu fyrir hið nýja hús.
3. Umsókn dags. 10. apríl 2008 frá Vatnsveitu Flateyjar um leyfi fyrir torfburst yfir vatnstank vatnsveitunnar á Tröllenda. Samþykkt af hálfu nefndarinnar með fyrirvara um jákvæða afgreiðslu Umhverfisstofnunar og Minjavarðar Vestfjarða.
4. Bréf dags. 2. maí 2008 frá Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur með beiðni um framlengingu á húsaleigusamningi. Samþykkt að framlengja leigutímabilið til 15. júní 2008.

Önnur mál.

1. Umsókn dags. 12. maí 2008 frá Eiríki Kristjánssyni um byggingarleyfi fyrir bílskúr við Hellisbraut 8 a, á Reykhólum. Afgreiðslu frestað á meðan nánari gagna er aflað.
2. Refa- og minkaeyðing. Tillaga frá Agli um að semja við Guðmund Sigvaldason um grenjaleit. Verðlaun fyrir hlauparefi verði kr. 11.000 sem greitt verði til þeirra sem gera samninga við hreppinn. Kannaðir verði möguleikar á því að fá minkasíur frá Reyni Bergsveinssyni. Einnig að samið verði við Jón Atla Játvarðarson um minkaveiðar og vöktun minkasía. Verðlaun fyrir hvern mink verði kr. 14.000 og greiðist sú upphæð öllum sem hafa samning við hreppinn. Tillagan samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:25.